



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 31. ágúst 2020
SFS2020080232
190. fundur
HG/sp

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi aukna þjónustu frístundaþjónustu vegna lokunar Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla

Á 189. fundi skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Boðað hefur verið að frístund verði lengd í þeim skólum þar sem ekki er hægt að hefja skólahald á tilsettum tíma vegna Kórónuveirusmits. Hvað verður boðið upp á marga tíma á dag á frístundaheimilum og verður öllum börnum boðið upp á þetta úrræði, líka þeim sem ekki eru skráð á frístundaheimili?

Svar:

Frístundaheimilið Krakkakot, sem veitir öllum börnum í 1.-4. bekk í Hvassaleitisskóla þjónustu, verður opið alla daga fram að skólabyrjun 3. september frá kl. 9.15-17.00.

Frístundaheimilið Álftabær, sem veitir börnum í 1.-4. bekk í Álftamýrarskóla þjónustu, var opið frá og með miðvikudeginum 26. ágúst fyrir 1. bekk alla daga frá kl. 9.15 til 17:00 þar til skólinn hefst að nýju 7. september. Frá og með fimmtudeginum 27. ágúst gátu nemendur í 2. bekk komið frá kl. 09.15-17:00, og frá og með föstudeginum 28. ágúst gátu nemendur í 3.-4. bekk komið alla daga kl. 13.00. Lengri dvöl fyrir elstu börnin ræðst af starfsfólki sem getur unnið að morgni.

Félagsmiðstöðin Tónabær, sem veitir börnum og unglingum í 5.-10. bekk í báðum skólum þjónustu, lengir opnunartíma frá 25. ágúst til 4. september sem hér segir:

Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga

Opið fyrir 5.-7. bekk

kl. 10.00 – 16.00

Þriðjudaga og Fimmtudaga

Opnun fyrir 8.-10. bekk

kl. 12.00 – 17.00

Einhverfum börnum úr Hvassaleitisskóla, sem sækja þjónustu í sértæku félagsmiðstöðina Hellinn, hefur verið boðin heilsdagsþjónusta.

Öll þessi viðbótarþjónusta er foreldrum að endurgjaldslausu.